

Golfklúbburinn Setberg

Setbergi

221 Hafnarfjörður

www.gse.is



Ársskýrsla

2014

Setbergi 7. desember 2014

Skýrsla formanns

Tuttugasta starfsári Golfklúbbsins Setbergs er nú lokið og verður hér getið þess helsta sem gerðist á árinu.

Veður- og vallarmál

Það er óhætt að fullyrða að síðast liðinn vetur hafi verið mjög erfiður fyrir rekstur og umhirðu vallarins. Klaki huldi stóran hluta vallarins um langan tíma. Þær flatir sem urðu verst úti voru 3., 4., 5., 6. og 8. flöt. Frá því í byrjun janúar var reynt að brjóta klakann af flötunum ásamt því sem efni til þess að flýta fyrir bráðnun var dreift yfir klakann. Um vorið var ljóst að hluti af 3., helmingurinn af 5. og stór hluti af 6. og 8. flöt höfðu orðið fyrir talsverðum skemmdum. Skemmdirnar voru gataðar nokkrum sinnum, sáð í og sandað yfir. Mikill tími fór í að vinna í þessum skemmdum yfir sumarið. Veðrið var eins og árið áður mjög leiðinlegt með mikilli rigningu.

Rekstur

Þetta var fjórða rekstrarárið eftir að klúbburinn tók aftur yfir rekstur Setbergsvallar. Við upphaf rekstrarársins voru tæplega 480 félagar skráðir í klúbbinn. Í samræmi við ákvörðun aðalfundar í janúar s.l. var ákveðið að fjölga ekki félögum. Nokkuð margir hættu í klúbbnum fyrir sumarið en álíka margir nýir komu í staðinn og eru nú um 480 félagar skráðir í klúbbinn. Áfram var aðgengi annarra en félagsmanna að vellinum takmarkað á ákveðnum tímum. Aðsókn að vellinum var frekar lítil eins og árið áður og því erfitt að átta sig á því hvort framangreindur fjöldi sé hæfilegur.

Sala á flatargjöldum var minni en árið áður og undir áætlunum. Aðsókn í mót var svipuð og árið áður. Lítið var um útleigu á vellinum.

Svipað fyrirkomulag var á rekstrinum og árið áður og var ákveðið að fastráða ekki starfsmenn og ráða einungis sumarstarfsmenn. Jafnframt var endurnýjaður samningur við Golfklúbbinn Keili um kaup á sérfræðiþjónustu.

Niðurstaða rekstrarins er vel viðunandi. Hagnaður er af rekstri klúbbsins og hafa eignir hans aukist en eins og áður þá er klúbburinn skuldlaus. Ráðist var í nokkrar framkvæmdir eins og nánar er lýst í köflunum um vélar og framkvæmdir.

Við þökkum þeim aðilum sem styrktu klúbbinn á árinu og þá sérstaklega Actavis, Landsbankanum og Cintamani.

Vélar

Brautavél: Fjárfest var í 2005 árgerð af Toro brautasláttuvél. Vélin var keypt af Golfklúbbi Bakkakots.

Jafnframt er klúbburinn að greiða af nokkrum tækjum og lausafé skv. kaupsamningi þar um.

Framkvæmdir

Helstu framkvæmdir á árinu:

- **Nýtt æfingasvæði.** Steypt undir æfingamottur. Svæðið var lengt talsvert með því að ýta út svæði við endann á svæðinu. Sáð verður í viðbótina næsta vor.
- **Steypt plata við vélageymslu.**
- **Nýr pallur.** Pallurinn í kringum golfskálann var stækkaður talsvert.
- **Vinna við flatir.** Mikil vinna fór í að koma flötunum af stað eftir erfiðan vetur. Var ákveðið að breiða yfir flatir til þess að flýta fyrir batanum. Keyptur var dúkur til þess að breiða yfir flatirnar.

Unglingastarf

US Kids golfskólinn var með unglinganámskeið á Setbergsvelli. Eingöngu fullorðnir, menntaðir leiðbeinendur voru með yfirumsjón með hópunum.

Ólafur Jóhannesson IPGA er golfkennari klúbbsins. Vegna aðstöðuleysis þá hefur hann kennt á æfingasvæði Golfklúbbsins Keilis.

Félagsstarf

Árshátíð var haldin í mars. Kvennastarfið var að venju mjög gott á árinu. Konurnar í klúbbum hittust á mánudögum og áttu frátekin rástíma í u.þ.b. eina klukkustund.

Sjálfboðavinnudagur var haldinn s.l. vor og var gríðarlega góð mæting af hálfu félaga.

Nokkrir félagar mættu til þess að brjóta klaka af flötum s.l. vetur.

Mót

Klúbburinn hélt nokkur mót á árinu, þrjú opin mót, meistaramót og nokkur innanfélagsmót. Klúbbmeistari karla er Hrafn Guðlaugsson, í kvennaflokki 1 sigraði Heiðrún Harpa Gestsdóttir og í kvennaflokki 2 sigraði Guðrún Harðardóttir. Bikarmeistari karla er Hörður Þorsteinsson og bikarmeistari kvenna er Heiðrún Harpa Gestsdóttir. Tryggvi Valtýr Traustason varð Íslandsmeistari 35 ára og eldri en mótið var haldið í Vestmannaeyjum.

Vinavellir

Gerðir voru vinavallasamningar við Golfklúbb Borgarness, Golfklúbb Suðurnesja og Golfklúbbinn Hellu.

Stjórn klúbbsins skipuðu

Högni Friðþjófsson formaður, Björn Eysteinnsson varaformaður, Pétur Einarsson gjaldkeri, Gunnlaugur Guðjónsson ritari, Óskar Sigurmundason, Karl Ísleifsson og Þórarinn Sófusson meðstjórnendur.

Nefndir klúbbsins skipuðu

Mótanefnd: Hörður Gunnarsson formaður og Brynjar Sigtryggsson.

Vallarnefnd: Karl Johan Brune formaður, Högni Friðþjófsson og Pétur Einarsson.

Aganefnd: Þórarinn Sófussón formaður, Óskar Sigurmundason, Örn Andrésson, Ingólfur Teitur Garðarsson og Brynjar Sigtryggsson.

Forgjafarnefnd: Einar Sigurðsson formaður, Valdimar Axelsson og Pétur Einarsson.

Kvennanefnd: Helga Sigurðardóttir formaður og Bjarnheiður Guðmundsdóttir gjaldkeri.

Hola í höggi

Baldvin Björnsson, 2 hola og Stefanía Arnardóttir, 2. hola skv. upplýsingum á heimasíðu Einherjaklúbbsins en kylfingar sjá sjálfir um að tilkynna afrekið.

Sveitakeppni Golfsambands Íslands

Karlasveit klúbbsins spilaði í 1. deild sveitakeppni GSÍ og fór hún fram hjá Golfklúbbi Suðurnesja. Sveitina skipuðu Hrafn Guðlaugsson, Tryggvi Traustason, Helgi Birkir Þórisson, Ólafur Jóhannesson, Ragnar Þór Ragnarsson, Kristinn Gústaf Bjarnason, Hjörtur Brynjarsson og Helgi Anton Eriksen. Liðsstjóri var Sigurður Jónsson. Sveitin spilaði við Golfklúbb Borgarness um 3. sætið en tapaði þeim leik. Spilar sveitin því á ný í 1. deild að ári.

Aðgengi á völinn og leikhraði

Mjög lítil aðsókn var á völinn í sumar og þurfti því sjaldan að hafa ræsi á staðnum. Undir lok sumars var tekin upp sú regla að þeir sem voru að fara út á seinni níu áttu ekki forgang ef þeir hófu leik á fyrri níu eftir klukkan 13:30.

Starfsmenn klúbbsins

Starfsmenn klúbbsins á vellinum voru Friðþjófur Einarsson, Hákon Pétursson, Þorsteinn Erik Geirsson, Helgi Björnsson, Helga Guðrún Friðþjófsdóttir og Hrafn Guðlaugsson.

Um rekstur á golfskála sáu þau Kristjana Geirsdóttir og Tómas Freyr Marteinson.

Um útræsingu sáu Karl Johan Brune, Jón Sigurðsson og Helgi Ragnarsson.

20 ára afmæli golfklúbbsins

Þann 24. nóvember s.l. voru 20 ár liðin frá stofnun klúbbsins. Haldið verður upp á 20 ára afmæli golfklúbbsins þann 23. júní 2015. Farið verður í afmælisferð til La Sella á Spáni í september. Fyrirhugað er að gefa út afmælisrit á næsta ári.

Högni Friðþjófsson formaður.

Golfklúbburinn Setberg

Rekstrarreikningur ársins 2014

	Skýring	2014	2013
Rekstrartekjur:			
Félagsgjöld		25.830.000	24.650.000
Tekjur af sölu vallargjalda		3.661.270	4.815.998
Styrkir og framlög	1	1.505.000	1.005.000
Tekjur af mótum	2	2.244.100	2.632.500
Framlag ÍSí vegna Lotto		393.508	361.029
Framlag ÍSí vegna Getrauna		165.953	181.739
Vaxtatekjur		0	62.304
Rekstrartekjur samtals		33.799.831	33.708.570
Rekstrargjöld:			
Félagaskattur GSÍ		1.978.000	1.930.700
Sveitakeppni karla	3	117.500	340.000
Umsjón skála		2.298.368	2.290.308
Verðlaun í mót	4	512.860	889.416
Kostnaður v/stjórnar nefnda	5	192.851	168.453
Innheimtukostnaður		187.734	352.648
Leiga á landi		5.574.694	5.219.200
Kaup og leiga á vélum og skála		2.100.000	1.800.000
Laun og launatengd gjöld		8.565.828	8.187.510
Leiga á vélageymslu		0	280.120
Viðhald og rekstur vallar	6	2.101.114	2.419.341
Viðhald og rekstur véla	7	3.235.204	3.448.815
Rekstur skála	8	708.539	838.609
Leiga á gámum/ WC		508.835	711.478
Æfingasv. malbikun -hús		210.898	175.000
Ræsing og umsjón		400.000	400.000
Aðkeypt þjónusta		235.875	288.938
Afskriftir		581.250	775.000
Ýmis kostnaður	9	317.639	169.298
Rekstrargjöld samtals		29.827.189	30.684.834
Hagnaður ársins		3.972.642	3.023.736

Golfklúbburinn Setberg

Efnahagsreikningur ársins 2014

Eignir	Skýring	2014	2013
Fastafjármunir:			
Sláttuvélar 2011		1.012.500	1.350.000
Golfbíll		168.750	225.000
Sláttuvélar 2012		562.500	750.000
Æfingasvæði / malbikun		2.000.000	2.000.000
Nýtt hús		500.000	500.000
Brautarsláttuvél 2014		4.500.000	
Fastafjármunir samtals		8.743.750	4.825.000

Veltufjármunir:			
Banka innistæður Íslandsbanki		1.451.220	1.391.759
Banka innistæður Landsbankinn		4.025.014	4.030.583
Veltufjármunir samtals:		5.476.234	5.422.342
Eignir alls		14.219.984	10.247.342


Skuldir og Eigið fé

Eigið fé			
Eigið fé flutt frá fyrra ári		10.247.342	7.223.606
Hagnaður		3.972.642	3.023.736
Eigið fé samtals		14.219.984	10.247.342

Skuldir

Skuldir samtals		0	0
Skuldir og eigið fé alls		14.219.984	10.247.342

Setbergi 7. desember 2014


Pétur Einarsson gjaldkeri

Höfum yfirfarið efnahags- og rekstrareikning þennan og er hann í samræmi við bækur félagsins. Það er álit okkar að ársreikningur þessi gefi góða mynd af fjárhag félagsins.


Örn Andrésson


Einar Sigurðsson

Golfklúbburinn Setberg

Skýringar með rekstrarreikningi

2014

1. Styrkir og framlög

Hafnarfjarðarbær	250.000
Styrktar og auglýsingasamningar fyrirtækja	1.255.000
Samtals	1.505.000

2. Mótatekjur

Áskorandamót Íslandsbanka	112.500
Forkeppni bikars	78.000
Cintamani opið mót	468.500
Jónsmessa	92.000
Góu mót 25. júní	95.000
Meistarmótið	550.000
Góu mót 30. júlí	55.000
Opna Setbergs mótið	465.600
Góu mót 13. ágúst	43.000
Karlamót	80.000
Opið innanfélgasmót sept.	137.500
Bændaglíma	67.000
Samtals	2.244.100

3. Sveitakeppni karla

Styrkur til sveitar (styrktarmót)	117.000
Samtals	117.000

4. Verðlaun í mót

Meistarmótið	335.024
Opna Setbergsmótið	105.836
Önnur mót	72.000
Samtals	512.860

5. Kostnaður v/stjórnar nefnda

Stjórnar- og nefndadagur	151.519
Annað	41.332
Samtals	192.851

6. Viðhald og rekstur vallar

Pallur	678.628
Verkfæri	191.495
Áburður	824.948
Sandur og möl	364.048
Ýmislegt	41.995
Samtals	2.101.114

7. Viðhald og rekstur véla

Olía og bensín	1.089.452
Tryggingar	191.495
Verkfæri	206.730
Varahlutir og viðgerðir	1.469.527
Samtals	2.957.204

8. Rekstur skála

Tryggingar	35.180
Rafmagn	255.889
Sími og tölvukostn	235.690
Öryggismiðstöðin	124.631
Securitas hf.	44.592
Ýmislegt	12.557
Samtals	708.539

9. Ýmis kostnaður

Hreinsunardagur	52.350
Prentun ritföng	48.573
Árshátíðarkostnaður	156.241
Ýmislegt	60.475
Samtals	317.639

Golfklúbburinn Setberg

Rekstraráætlun 2015

	Áætlun 2015	Rauntölur 2014
Rekstrartekjur:		
Félagsgjöld	25.000.000	25.830.000
Tekjur af sölu vallargjalda	4.000.000	3.661.270
Styrkir og framlög	1.500.000	1.505.000
Tekjur af mótum	2.500.000	2.244.100
Framlag ÍSí vegna Lotto	400.000	393.508
Framlag ÍSí vegna Getrauna	200.000	165.953
Vaxtatekjur	100.000	0
Rekstrartekjur samtals	33.700.000	33.799.831

Rekstrargjöld:		
Félagaskattur GSÍ	2.000.000	1.978.000
Sveitakeppni karla	250.000	117.500
Umsjón skála	2.300.000	2.298.368
Verðlaun í mót	500.000	512.860
Kostnaður v/stjórnar nefnda	200.000	192.851
Innheimtukostnaður	300.000	187.734
Leiga á landi	6.000.000	5.574.694
Kaup og leiga á vélum og skála	2.200.000	2.100.000
Laun og launatengd gjöld	9.000.000	8.565.828
Leiga á vélageymslu	100.000	0
Viðhald og rekstur vallar	2.500.000	2.101.114
Viðhald og rekstur véla	3.000.000	3.235.204
Rekstur skála	750.000	708.539
Leiga á gámum	500.000	508.835
Æfingarsv. Malbikun -hús	500.000	210.898
Ræsing og umsjón	500.000	400.000
Aðkeypt þjónusta	300.000	235.875
Afskriftir	800.000	581.250
Ýmis kostnaður	250.000	317.639
Rekstrargjöld samtals	31.950.000	29.827.189

Hagnaður ársins 2015	1.750.000	3.972.642
-----------------------------	------------------	------------------


Fjárfestingaráætlun:		
Vélakaup	2.500.000	4.500.000

Skýrsla og áritun stjórnar

Að áliti stjórnar Golfklúbbsins Setbergs koma fram í ársreikningi þessum allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að glöggva sig á stöðu félagsins 30. nóvember 2014, rekstrarreikningi frá 1. janúar 2014 til 30. nóvember 2014 og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Golfklúbbsins Setbergs staðfestir hér með ársreikning klúbbsins með áritun sinni.


Hafnarfirði, 7. desember 2014



Pétur Einarsson




Högni Friðbjólfsson




Þórarinn Sófusson




Gunnlaugur Guðjónsson



Björn Eysteinnsson



Óskar Sigurmundason



Karl Ísleifsson

Úrslit móta 2014

Forkeppni bikars – 4. júní

Punktamót

1. Hörður Gunnarsson – 40 pkt.
2. Björn Þorfinnsson – 38 pkt.
3. Sigurgeir M Sigurger – 36 pkt.

Opna Cintamani mótið – 9. júní

Punktar

1. Þórður Dagsson – 40 pkt.
2. Jónas Ágústsson – 40 pkt.
3. Gunnar Þór Ármannsson – 40 pkt.

Besta skor án forgjafar

1. Ólafur Hreinn Jóhannesson – 71 högg.

Jónsmessa – 21. júní

Setbergsscramble

Skemmtilegt mót í góðu veðri.

Úrslitin ekki aðalatriðið heldur það að vera með.

Góumótaröðin, fyrsta mót – 25. júní

Punktamót

18 holur

1. Adam Örn Stefánsson – 36 pkt.
2. Óskar Hrafn Ólafsson – 36 pkt.
3. Steinn Einir Sveinsson – 35 pkt

Góumótaröðin, annað mót – 30. júlí

Punktamót

18 holur

1. Árni Júlíusson – 37 pkt.
2. Þórður Gíslason – 36 pkt.
3. Arnar Björnsson– 35 pkt

Góumótaröðin, þriðja mót – 13. ágúst

Punktamót

18 holur

1. Þórður Gíslason – 44 pkt.
2. Þórður Einarsson– 42 pkt.
3. Ívar Jón Arnarsson – 41 pkt.

Meistaramót GSE – 10. júlí

18 holur – Höggleikur

Meistaraflokkur karla

1. Hrafn Guðlaugsson – 278 högg.
2. Helgi Birkir Þórisson – 295 högg.
3. Ólafur Hreinn Jóhannesson – 304 högg.

Fyrsti flokkur karla

1. Sigurður Hreiðar Jónsson – 322 högg.
2. Arnar Freyr Hermannsson – 338 högg.
3. Högni Friðþjófsson – 339 högg.

Annar flokkur karla

1. Þórður Einarsson – 363 högg.
2. Ólafur Haukur Guðmundsson – 369 högg.
3. Gissur Ísleifsson – 379 högg.

Þriðji flokkur karla

1. Sigurður O. Sigurðsson – 365 högg.
2. Guðmundur Jóhannsson – 373 högg.
3. Guðmundur Guðmundsson – 374 högg.

18 holur – Punktar

Fjórði flokkur karla

1. Davíð Ólafsson – 137 pkt.
2. Hlynur Valsson – 129 pkt.
3. Magnús Arnarson – 121 pkt.

Fimmti flokkur karla

1. Gísli Bachman – 94 pkt.
2. Hallgrímur Viðar Arnarson – 92 pkt.
3. Sigurður Gauti Hauksson – 92 pkt.

Öldungaflokkur karla – 3 dagar

1. Brynjar Sigtryggsson – 103 pkt.
2. Jónas Ágústsson – 100 pkt.
3. Gunnlaugur Guðjónsson – 92 pkt.

Fyrsti Kvennaflokkur – 4. dagar

1. Heiðrún Harpa Gestsdóttir – 127 pkt.
2. Herdís Hermannsdóttir – 126 pkt.
3. Sigþóra Oddný Sigþórsdóttir – 125 pkt.

Kvenna flokkur – 3. dagar

1. Guðrún Harðardóttir – 57 pkt.
2. Gréta Benediktsdóttir – 56 pkt.
3. Bjarnheiður J. Guðmundsdóttir – 53 pkt.

9 holur- Punktar

Karla og kvenna flokkur – 9 holur

1. Rut Sigurvinsdóttir – 56 pkt.
2. Fríða Björg Leifsdóttir – 45 pkt.
3. Ásta Edda Stefánsdóttir – 45 pkt.

Opna Setbergsmótið – 5. ágúst

Punktar

1. Guðni Sigurður Ingvarsson – 43 pkt.
2. Kristján Ragnar Hansson – 41 pkt.
3. Hafþór Kristjánsson – 39 pkt.

Besta skor án forgjafar

1. Kristján Ragnar Hansson – 77 högg.

Golfmót meistaranna (Fótboltamót) – 16. ágúst

1. Manchester United - Jóhann Adolf Oddgeirsson og Adam Örn Stefánsson
2. Liverpool - Sigurjón Sigmundsson og Magnús Sigmundsson
3. Tottenham – Sólberg Svanur Björnsson og Kristján Þór Henrysson
- 2.

Opið Innanfélagsmót – 13. september

Punktar

1. Heiðrún Harpa Gestsdóttir – 39 pkt.
2. Ívar Örn Halldórsson – 35 pkt.
3. Lovísa Hermannsdóttir – 34 pkt.

Bændaglíma – 6. október

Setbergsscramble

Skemmtilegt mót í slæmu „2014“ veðri.

Úrslitin ekki aðalatriðið heldur það að vera með.

Bikarmeistari karla.

Hörður Þorsteinsson

Bikarmeistari kvenna.

Heiðrún Harpa Gestsdóttir